

Ed. 285. Frumvarp til laga [144. mál]

um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Að Skriðulandi við vegamót Vesturlandsvegjar og Skarðsstrandarvegjar í Saurbæjarhreppi í Dalsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnuáráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Eitt af elztu samvinnufélögum á landinu, Kaupfélag Saurbæinga í Dalasýslu, er 60 ára um þessar mundir. Aðalhvatamaður að stofnun þess var Torfi heitinn Bjarnason, skólastjóri í Ólafsdal. Félagið hefur um áratuga skeið rekið verzlun við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi. Þar er löggiltur verzlunarstaður frá 1895, sbr. lög nr. 41 frá 13. des. það ár. Hafnarskilyrði eru þar engin að segja má, enda Gilsfjörður grunnur og útfiri mikið. Hefur uppskipun á vörum því reynt mjög erfið og kostnaðarsöm þrátt fyrir mikinn dugnað og atorku margra Saurbæinga, sem þar hafa lagt fram krafta sína við hin verstu skilyrði. Það varð því að ráði að flytja verzlunarstaðinn upp í sveitina, þar sem hann liggur vel við samgöngum á landi. Keypti félagið landspildu að Måskeldu í Saurbæ við vegamót Vesturlandsvegjar og Skarðsstrandarvegjar. Þar hefur nú verið reist myndarlegt nýtizku verzlunarhús á skömmum tíma. Var það vígt í 60 ára afmælisfagnaði kaupfélagsins fyrir stuttu og staðnum valið nafnið Skriðuland. Er það von manna, að þar megi verzlun og viðskipti Saurbæinga njóta hagsældar á komandi árum.

Frumvarp þetta er flutt til að löggilda hinn nýja verzlunarstað.